

1. stjórnarfundur BLÍ, fimmtudaginn 21. júní kl. 17.00

Dagskrá

- Verkaskipting stjórnar
- Nefndaskipan
- Landsliðsmál
- Næstu skref
- Önnur mál

Mæting: Jason Ívarsson, formaður. Ástríður S. Valbjörnsdóttir, Harald Ísaksen, Svala Vignisdóttir, Hreggviður Norðdahl. Sævar Már Guðmundsson ritaði fundinn. Þorbjörg Ólöf Jónsdóttir var í síma. Stefán Jóhannesson og Óskar Hauksson boðuðu forföll.

Fundargerð

Jason setti fundinn kl. 17.10 og hóf fundarstörf.

Verkaskipting stjórnar. Lagt til að Stefán verði varaformaður, Óskar gjaldkeri, Ásta ritari, Harald meðstjórnandi. Samþykkt samhljóða.

Nefndaskipan

- ✓ Landsliðsnefnd; Stefán stýrir henni, Óskar Hauksson. Harald Ísaksen kæmi svo inn í nefndina
- ✓ Dómaranefnd; Jón Ólafur Valdimarsson ætlar að stýra henni áfram – verður í samstarfi við framkvæmdastjóra BLÍ – nefndin þyrfti að huga að námskeiðahaldi næsta vetur.
- ✓ Aganefnd; Jason leggur til að hún verði óbreytt skipuð – Hreggviður Norðdahl, Jón Gunnar Sveinsson og Þorvaldur Sigurðsson. Framkvæmdastjóri sendir þeim erindisbréf varðandi það.
- ✓ Unglingalandsliðsnefnd; Sett á stofn í fyrra og lítil þörf á að breyta. Ásta Sigrún Gylfadóttir stýrir nefndinni og með henni eru Auður Hauksdóttir frá Neskaupstað, Vilborg Lilja Stefánsdóttir úr Snæfellsbæ. Sigurður Arnar Ólafsson er í nefndinni en hættir og þyrfti að fá mann inn frá Akureyri. Ásta Valbjörnsdóttir verður í þessari nefnd sem tengiliður stjórnar BLÍ.
- ✓ Yngriflokkanefnd; Sigurður Arnar Ólafsson hættir núna og þarf því að finna eftirmann hans. Baldur Tumi frá HK er í nefndinni, Gunna Stína frá UMFA, Viðar Gylfason frá Snæfellsbæ. Þarf að finna tengilið á Akureyri og í Neskaupstað. Bobba hugsar um mann inn fyrir austan. Komið inn á bréf frá Gunnu Stínu og ákveðið að fulltrúar stjórnar hitti nefndarmenn og afgreiði val formanns nefndarinnar og afgreiði bréfið. Frestað að skipa í nefndina.
- ✓ Fjölmiðlafulltrúa BLÍ verður áfram Stefán Jóhannesson



BLAKSAMBAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

- ✓ Mótanefnd: Framkvæmdastjóri stýrir þessari nefnd og með honum verða Davíð Búi Halldórsson fyrir norðan og Óli Sig fyrir austan.

Landsliðsmál

- ✓ Unglingalandsliðin – allt í föstum skorðum
- ✓ Mótin:
 - U17 verður í Finnlandi 6.-9. september nk.
 - U19 verður í Noregi 21.-24. september nk.
- ✓ Drengir og stúlkur munu keppa fyrir Ísland í báðum aldursflokkum
- ✓ Karllandsliðið – boð frá Englandi um að spila 5 leiki á sjö daga tímabili einhverntímann frá 16. júlí – 31. ágúst. Snýst um að koma okkur til Englands og þeir sjá um rest
- ✓ Fjárhagslega hliðin rædd á málinu og þátttaka leikmanna. Hafa liðið að mestu ungt en þó nokkrir reynsluboltar með. Stefán hefur nú þegar byrjað að kanna hug leikmanna

Næstu skref

Íslandsmót – þátttökutilkynningar

1. deildin verður send út strax
2. deildin – þarf að kanna hug liðanna um þátttöku og þá með hliðsjón af fyrirkomulagi í 2. deild og 3. deild. Mjög líklegt að stofnuð verði 3. deild í kvennaflokki. Þátttökutilkynningar verða sendar út í 2. viku júlí mánaðar.

Framkvæmdastjóra gert að útbúa áætlun um kostnað vegna mótahalds og senda á stjórnarmenn (sjá annað viðhengi).

Í 3. deild verður leikið upp á 2 unnar hrinur og með 1 dómara. Þar verður leikið í mótaformi, mögulega þrjú mót yfir tímabilið og efsta liðið vinnur. Þarf ramma utan um 3. deildina

- ✓ Bikarkeppni: Jason og Sævar eru að vinna að því að fullklára reglugerð fyrir bikarkeppnina sem hefst í október. Úrslitin myndu verða um miðjan mars – líkt og síðast
- ✓ Haustmót BLÍ – þarf að senda út tilkynningu til félaganna um að sækja um haustmót þann 29. september.
- ✓ Yngriflokkamót BLÍ – yngriflokkaneftnd sér um að stýra þeim mótum en nú þegar er búið að senda út umsóknareyðublöð til félaganna.



BLAKSAM BAND ÍSLANDS
ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐINNI, LAUGARDAL
Engjavegi 6
104 REYKJAVÍK

Sími: 514 4111 GSM: 663-0112
FAX: (354) 514 4112

11.Nóv.1972

Framkvæmdastjóri: Sævar Már Guðmundsson
netfang: bli@bli.is Heimasíða: www.bli.is Textavarp síða 339

- ✓ Skólamót – umræða um að setja það á aftur
- ✓ Framhaldskólamót – Sævar hefur verið í viðræðum við menntaskólanemanda á Akureyri um að endurvekja þau mót. Hann vinnur áfram í málinu.

Önnur mál

- ✓ Peningamál er viðkemur bréfinu frá Gunnu Stínu
- ✓ Tengslin milli sambandsins og nefndanna eru mikilvæg, þess vegna þyrfti að vera tengiliður stjórnar inni í öllum nefndum.
- ✓ Fjármál. Formaður og gjaldkeri fara í næstu viku í leit að fjármagni
- ✓ Kæra BTÍ gegn ÍBR um skiptingu fulltrúa á þing. Dómur var BTÍ í hag sem ógilti ákvörðun ÍBR um skiptingu þingfulltrúa á síðasta þing BTÍ.

Fundi slitið kl. 18.30

Sævar Már Guðmundsson, fundarritari